



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 8. nóvember 2020

R20100177

640

Borgarráð

Norðurgrund 3, afnotasamningur

Óskað er eftir að meðfylgjandi afnotasamningur við Ístak hf. um lóðina Norðurgrund 3 verði samþykktur.

Greinargerð:

Ístak hf. hefur óskað eftir að fá lóð Norðurgrundar 3 til afnota fyrir bráðabirgðaaðstöðu vegna breikkunar Vesturlandsvegur um Kjalarnes. Lóðin er samtals 2.533 fermetra atvinnulóð. Áætlað er að breyta skipulagi á þessu svæði og á meðan það ferli er í gangi er lóð laus til afnota.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:

Leigusamningur við Ístak hf., dags 4. nóvember 2020.

AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík (hér eftir nefndur „leigusali“) og Ístak hf., kt. 430214-1520, Bugðuflljóti 19, 270 Mosfellsbæ (hér eftir nefndur „leigutaki“) gera með sér svofelldan afnotasamning:

1. gr.

Hið leigða

Leigutaki tekur á leigu borgarland á lóð nr. 3 við Norðurgrund á Kjalarnesi fyrir bráðabirgðaaðstöðu (skrifstofur, mötuneyti og geymslur) í tengslum við breikkun Vesturlandsvegur um Kjalarnes. Lóðin er samtals 2.533 m² atvinnulóð. Lóðin er sýnd á skýringarmynd, merkt N3 á deiliskipulagsbreytingu fyrir Grundarhverfi, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 21. júní 2013 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 31. júlí 2013, sem telst hluti þessa samnings.

2. gr.

Gildistími

Afnotasamningur þessi er tímabundinn til 3 ára, frá 1. nóvember 2020 til og með 31. október 2023. Gangkvæmur uppsagnafrestur er 3 mánuðir. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila.

3. gr.

Fjárhæð og greiðsla afnotagjalds

Fjárhæð afnotagjalds er kr. 10.000 á mánuði og greiðist mánaðarlega fyrirfram, á gjalddaga 1. hvers mánaðar og er eindagi 15. hvers mánaðar. Dráttarvextir reiknast eftir eindaga. Leigugjaldið er innheimt með útsendum greiðsluseðlum af hálfu leigusala.

Leigukjör taka breytingum til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu í nóvember 2020, sem er 487,0 stig.

4. gr.

Afnot hins leigða

Leigutaka er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en greinir í 1. gr. Öll framleiga er óheimil nema með samþykki leigusala.

5. gr.

Samráð um framkvæmdir

Samráð skal haft við umhverfis- og skipulagssvið og leigusala um framkvæmdir og frágang á hinu leigða. Leigutaki skal tryggja að bráðabirgðaaðstaða skv. 1. gr. uppfylli skilyrði laga og reglugerða, einkum laga nr. 160/2010 um mannvirki.

6. gr.

Afhending og skil á hinu leigða

Hið leigða afhendist við undirritun samnings. Við uppsögn eða lok samningsins skal leigutaki skila hinu leigða til leigusala. Leigutaki ábyrgist að tímabundin bráðabirgðaaðstaða (gámar o.fl.) verði fjarlægð, leigusala að kostnaðarlausu.

ÍSTAK

AS

MS

7. gr.

Riftun

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á leigu varir í lengri tíma en tvo mánuði.

8. gr.

Varnarþing

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.


Reykjavík, 4. nóvember 2020



F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs




ÍSTAK


F.h. Ístaks hf.

Vottar að réttri undirskrift, dags. og hæfi:

 220251-4709

Nafn kt.

 141258-4277

Nafn kt.